

FUNDARGERÐ 5. stjórnarfundar sem haldinn var 21. janúar 2008 í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík.

Mætt:

Anna Kristín Ólafsdóttir, Ellý K. Guðmundsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Rúnar Þórarinsson og Þórunn Pétursdóttir svo og Magnús Hallgrímsson.

Einnig starfsmaður stjórnar, Þórður H. Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

1. *Samþykki fundargerðar 4. stjórnarfundar 7. desember 2007.*

Búið var að senda inn fáeinar athugasemdir við drög að fundargerð og liggur fundargerðin fyrir í endanlegri útgáfu.

2. *Rekstraráætlun 2008-drög*

Lögð voru fram drög að heildarrekstraráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð fyrir árið 2008. Farið var yfir forsendur nokkurra liða og yfir stærstu útgjaldaliði rekstraráætlunarinnar.

- Ákveðið að á árinu 2008 verði ráðið í störf tveggja þjóðgarðsvarða í alls 12 mánuði, annars vegar á Skriðuklaustri og hins vegar á Kirkjubæjarklaustri.
- Ákveðið að ráðnir yrðu fjórir nýir landverðir, en eftir stendur að ákveða endanlega staðsetningu þeirra á rekstrarsvæði þjóðgarðsins.
- Hluti rekstraráætlunarinnar tekur til umsýslu- og stjórnunarkostnaðar.
- Ákveðið að endurskoða áætlun um sjálfboðaliðastarf og ÞHÓ falið að kanna frekari möguleika á samstarfssamningi við Umhverfisstofnun fyrir árið 2008.
- Farið yfir sértekjumöguleikar þjóðgarðsins, sem samanstanda annars vegar af leigu tjaldstæða og hins vegar sölu varnings í gestastofunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Stjórnin vill að farið verði sérstaklega yfir þennan þátt í því augnamiði að öll viðmið um sölu varnings taki mið af heildarsýn á verksvið og tilgang Vatnajökulsþjóðgarðs og val á varningi til sölu taki mið af því.
- Stjórnin fer fram á að beðið verði um fundi með ráðherrum umhverfis og fjármála um nýtt fé inn í rekstrahlutann fyrir árið 2009, þar sem tekið verði tillit til ákvarðana um útgjöld vegna nýrra verkefna sem þurfa viðbótarfjármagn á árinu 2009 og áfram.
- Stjórnin samþykkti rekstraráætlunina.

3. *Framkvæmdaáætlun 2008-drög*

Lögð voru fram drög að framkvæmdaáætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð fyrir árið 2008. Farið var yfir alla liði framkvæmdaáætlunarinnar.

- Skoða þarf frekar hugmyndir um nýja uppbyggingu á svokölluðum Galta við Lakagíga. ÞHÓ falið að koma með tillögur. Unnið er að undirbúningi að frá aðstöðu fyrir landvörslu í Blágiljum við Laka.
- Stjórnin samþykkti einnig hér að beðið verði um fundi með ráðherrum umhverfis og fjármála um nýtt fé inn í framkvæmdaáætlunina fyrir árið 2009, þar sem tekið verði tillit til ákvarðana um útgjöld vegna nýrra verkefna sem þurfa viðbótarfjármagn á árinu 2009 og áfram svo sem eins og áframhaldandi uppbyggingu gestastofu á Skriðuklaustri og nýrrar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri.
- Stjórnin samþykkti framkvæmdaáætlunina.

4. *Samningaviðræður við landeigendur – staða*

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfissráðuneytinu gerði grein fyrir stöðu í samningaviðræðum umhverfissráðuneytisins við landeigendur og ábúendur á væntanlegu rekstrarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

5. *Reglugerð fyrir Vatnajökulsþjóðgarð - staða.*

Lögð voru fram 1. drög að reglugerð fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, sem unnin hafa verið af Aðalheiði Jóhannsdóttur, lögfræðingi og dósent við HÍ og Þóru Ellen Þórhallsdóttur, líffræðingi og prófessor við HÍ. Svo og lagði Ellý Katrín fram minnisblað um reglugerðina.

- Formenn svæðisráða munu kynna drög að reglugerð í svæðisráðum.
- Ákveðið að fá Þóru Ellen á næsta stjórnarfund til að fara yfir væntanlega vinnu við gerð verndaráætlana.

6. *Samkeppni um merki Vatnajökulsþjóðgarðs-logo-kynning/val*

Sex valdir teiknarar lögðu 15. janúar s.l. fram tillögur sínar að merki fyrir Vatnajökulsþjóðgarð og komu fram 34 tillögur. Eins og ákveðið var á síðasta stjórnarfundinu fóru Anna Kristín Ólafsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir og Þórunn Pétursdóttir yfir tillögurnar og komu með á stjórnarfundinn tillögur sínar um þær þrjár tillögur sem þeim þóttu bestar.

- Allar tillögur teiknarana voru hengdar upp og mætti Gísli B. Björnsson, teiknari og ráðgjafi til fundarins og fór stjórnin yfir allar tillögurnar og valdi samhljóða eina tillöguna sem merki fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.
- Ákveðið að kynna merkið með formlegum hætti við fyrsta tækifæri. (AKÓ)

7. *Gestastofur*

- *Arkitektasamkeppni-kynning*

Arkitektasamkeppnin um geststofuna á Skriðuklaustri var auglýst þann 6. janúar og samkeppnisgög voru gerð aðgengileg þann 15. janúar. Frestur til að skila tillögum er til 2. apríl og dómnefnd áætlað að skila niðurstöðum þann 25. apríl.

- *Staðsetning*

Þar sem hluti af yfirstandandi arkitektasamkeppni tekur, auk gestastofu á Skriðklaustri einnig að hluta, til annara gestastofa, *tenging*, *minni*, þá er nauðsynlegt að fá sem ítarlegust gögn um hinar gestastofurnar; Kirkjubæjarklaustur, Mývatn og Höfn og þar vantar fyrst og fremst gögn um staðsetningu væntanlegrar gestastofu við Mývatn.

- *Skipulagsupprættir*

- Vegna framhaldsvinnu við arkitektasamkeppni gestastofa er nauðsynlegt að sem fyrst verði tilbúið, auk aðalskipulags, deiliskipulag fyrir allar væntanlegar gestastofur Vatnajökulsþjóðgarðs.

8. Landvörslustöðvar

- *Þörf, aðstaða og staðsetning*

- Ákveðið svæðisráðin fari ofan í þörf fyrir landvörslu hver á sínu svæði, bæði fyrir yfirstandandi ár svo og til framtíðar og komi með sínar tillögur sem fyrst. Skoðuð væri starfsmannþörf, staðsetning og fjöldi landvarðaskála, nýting þeirra skála sem eru á viðkomandi svæði, aðstaða fyrir landverði og aðstaða þar fyrir framsetningu upplýsingaefnis fyrir Vatnajökulsþjóðgarð o.s.frv.

- *viðræður við útivistarfélög o.fl. á rekstrarsvæði þjóðgarðsins*

Eins og fram hefur komið á fyrri stjórnarfundum þá hafa að undanfögnu verið í gangi samningaviðræður við fulltrúa Ferðafélags Íslands, Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Ferðafélags Austur Skaftafellsýslu og Ferðafélags Akureyrar um mögulegan samning, fyrst og fremst um aðstöðu fyrir landverði Vatnajökulsþjóðgarðs í skálum ofangreindra Ferðafélaga. Haldnir hafa verið þrjú fundir, 6. desember, 13. desember og sá síðasti var haldinn 11. janúar s.l. Rædd hafa verið möguleg form á samvinnu um ráðningar og rekstur, samningsform, ábyrgð og greiðslur. Á þessum tímamarki á eftir að ná saman um hversu marga fermetra Vatnajökulsþjóðgarður leigir og hvert yrði leigugjald á hvern fermetra.

9. Aðkoma og samvinna einkaaðila *klasar; samstarf í samkeppni,*

Sævar Kristinsson frá Netspor kynnti hugmyndir að verklagi í 5 liðum til atvinnuuppbyggingar í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð. Hugmyndirnar ganga út á að örva og efla heimamenn á hverjum stað til samstarfs og eflingar atvinnulífs með notkun klasafræða.

Verkþættirnir sem Netspor leggur til eru: 1) Landfræðileg greiningarvinna 2) Skilgreining hagsmuna- og áhrifavalda 3) Tengsl náttúruauðlinda og mannauðs 4) Stefnumótun 5) Aðgerðaáætlun

Gengið væri út frá að þessari vinnu væri stýrt af Netspor en ákveðnir þættir greiningavinnunnar væru unnir í samvinnu við stofnanir í héraði.

10. Auglýsing um starf framkvæmdastjóra

- Ákveðið að starfið verði auglýst um næstu helgi með umsóknarfresti til 10. febrúar.

11. Kynningarfundir- málþing á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins.

- Ákveðið að kanna samstarf með væntanlegum Hollvinasamtökum Vatnajökulsþjóðgarðs og Háskólasetrinu á Höfn. (ÞHÓ)

12. Kynnisferð í þjóðgarða

- Ákveðið að bíða með umræðu og ákvörðun um slíkt fram á haustið.

13. Önnur mál

Engin önnur mál.

14. Næsti stjórnarfundur

31. janúar í Reykjavík, fyrst og fremst um drög að reglugerð.